

A/F HEIM slhf.: Uppgjör fyrstu 6 mánuði ársins 2024

Tilkynning um afkomu A/F HEIM slhf.

Stjórn A/F HEIM slhf., sem er sérhæfður sjóður í rekstri A/F Rekstraraðila hf., hefur í dag samþykkt árshlutareikning sjóðsins m.v. 30. júní 2024. Vaxtatekjur námu 748 milljónum króna (2023: 958 millj. kr.) og vaxtagjöld 748 milljónum króna (2023: 958 millj. kr.). Hreinar rekstrartekjur félagsins námu 9 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2024 (2023: 9 millj. kr.). Hagnaður félagsins á tímabilinu nam 13 þúsund krónum (2023: 162 þús.kr.).

Eignir félagsins námu 15,6 ma. kr. þann 30. júní 2024 og skuldir félagsins námu á sama tíma 15,6 ma. kr. Eigið fé félagsins í lok júní 2024 var 4,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er að öðru leyti til árshlutareiknings félagsins um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Sjóðurinn A/F HEIM slhf. hóf rekstur í júlí árið 2021 og starfar samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sjóðurinn fjárfesti þá í skráðum skuldabréfum sem voru útgefin af Heimavöllum hf. gegn greiðslu með skráðum skuldabréfum útgefnum af sjóðnum, sem eru með veði í fasteignatryggðum seljendalánnum til Heimstaden ehf. Skráðir skuldabréfaflokkar A/F HEIM slhf. eru þrjú talsins, HEIM070826, HEIM100646 og HEIM071248.

Meðfylgjandi er árshlutareikningur m.v. 30. júní 2024.

Tengiliðir

Nánari upplýsingar veitir - Vanesa Hoti sjóðstjóri - tölvupóstur vanesa@afrekstraradili.is

Viðhengi

[A/F HEIM slhf.: Uppgjör fyrstu 6 mánuði ársins 2024](#)

[AF HEIM Slhf Árshlutareikningur 30 06 2024](#)